

Fimmtudaginn 9. maí 1996.

Nr. 14/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Magnúsi Ingiberg Jóhannssyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Umferðarlög. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari, og Allan Vagn Magnússon héraðsdómari.

Máli þessu var að fengnu leyfi áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds og ákærða með stefnu 14. desember 1995. Krefst ákærvaldið þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, refsing hans verði þyngd og honum gert að sæta sviptingu ökuréttar.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds, en til vara, að refsing sín verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sýknu ákærða af broti gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði braut með akstri sínum gegn ákvæði 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en hann var að aka á svæði, þar sem skólabífreiðar höfðu numið staðar til að hleypa skólabörnum út. Hvíldi því á honum sérstök skylda um varúð við aksturinn. Með akstri sínum braut hann og gegn 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fjögurra daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Ekki þykja efni til að svipta ákærða ökurétti vegna brots hans.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest um annað en greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði. Við ákvörðun hans verður með hliðsjón af 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála litið til niðurstöðu málsins um refsingu ákærða og þess, að hann er sýknaður af broti, sem er mun alvarlegra en það, sem hann er sakfelldur fyrir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Ingiberg Jóhannsson, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fjögurra daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 30.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, skulu vera 50.000 krónur. Þar af greiði ákærði 20.000 krónur, en 30.000 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 27. október 1995.

I.

Ár 1995, föstudaginn 27. október, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness á reglulegum þingstað í Hafnarfirði kveðinn upp dómur í málinu nr. S-338/1995: Ákærvaldið gegn Magnúsi Ingiberg Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. október, er höfðað með ákæru, út gefinni af ríkissaksóknara 4. júlí 1995, birtri ... og þingfestri 12. september sama ár, á hendur Magnúsi Ingiberg Jóhannssyni, Miðgarði 7, Keflavík, fæddum 2. október 1934, fæðingarnúmer 657, fyrir hegningar- og umferðarlagabrot með því að hafa að morgni fimmtudagsins 2. mars 1995 við barnaskólann á Keflavíkurflugvelli á ófyrirleitinn hátt stofnað í augljósan háskaliði eða heilsu Darinda Jill LaFon-Bynnom aðstoðarskólalastjóra með því að aka tvisvar af ásetningi á hana, þar sem hún stóð á veginum. Við þetta tagnaði Darinda Jill á hægri skáhyrningsvöðva og marðist á hægri mjöðm.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1994 og 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. umferðarlaga.

Af hálfu ákærða er krafist:

1. sýknu af refsikröfu, 2. til vara lægstu refsingar, sem lög leyfa, 3. aflétt-

ingar haldlagningar á flugvallarvegabréfi, 4. að sakarkostnaður, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóhannesar K. Sveinssonar hdl., verði greiddur úr ríkissjóði.

II.

Fimmtudaginn 2. mars um kl. 8.17 barst lögreglunni á Keflavíkurflugvelli tilkynning frá barnaskóla varnarliðsins (Elementary school) um, að íslenskur leigubílstjóri hefði ekið á aðstoðarskólastjóran framman við aðaldyr skólans, og hefði bifreiðarstjórinn horfið af vettvangi. Stöðvaði herlögreglan umrædda bifreið, meðan hún var enn á vallarsvæðinu, og óskaði þegar aðstoðar íslensku lögreglunnar, er fór á vettvang.

— — —

Niðurstöður.

Svo sem áður er greint, krefst ákærði afléttingar „haldlagningar á flugvallarvegabréfi“. Um er að ræða skírteini, út gefið samkvæmt reglugerð nr. 81/1990 um takmörkun umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar, sem sett var með stoð í 77. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, sbr. lög nr. 106/1954, en sú reglugerð leysti af hólmi reglugerð nr. 76/1982 um vegabréf á Keflavíkurflugvelli.

Kveðið er svo á í 1. gr. núgildandi reglugerðar nr. 81/1990, að engum sé „heimil umferð eða dvöl á svæði Keflavíkurflugvallar, nema hann hafi til þess sérstakt leyfi samkvæmt skírteini, út gefnu af lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli“, og í 6. gr. reglugerðarinnar segir: „Lögreglustjóri getur afturkallað leyfið fyrirvaralaust, hvenær sem er.“

Í málinu er fram komið, að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli afturkallaði 4. mars 1995 leyfi, er hann hafði áður veitt ákærða til umferðar og dvalar á Keflavíkurflugvelli. Ekkert er fram komið í málinu, er bendi til þess, að sú afturköllun hafi verið ólögmæt. Þar að auki ber fram lagt ljósrit af umræddu skírteini ákærða það með sér, að gildistími leyfisins var til 2. 10. 1995, og væri leyfið því útrunnið nú við uppkvaðningu dóms þessa.

Það, sem máli skiptir við úrlausn um þennan kröfulið ákærða í máli þessu, er þó það eitt, að ekki var um að ræða haldlagningu í merkingu X. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, heldur afturköllun stjórnvalds á leyfi. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki lagaskilyrði til að leysa úr þessum dómkröfulið í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt ákæru er ákærða, Magnúsi Ingiberg Jóhannssyni, gefið að sök að hafa framið brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, en þar er refsing við því lögð, ef maður á „ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska“.

Enn fremur er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr. 4. gr. um-

ferðarlaga, en þar segir: „Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð, svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig, að eigi trufla eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi.“

Við munnlegan málflutning vísaði sækjandi einnig til 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga, en þar segir: „Ökumaður, sem nálgast merktu skólabífreid, sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal hafa sérstaka aðgát. Sama á við, þegar skólabífreid er ekið frá slíkum stað.“

Að tilhlutan dómarsins tjáðu sakflytjendur sig sérstaklega um það, hvort ætlað brot ákærða varðaði við síðastgreint ákvæði umferðarlaga og/eða við 217. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði var að aka skólabörnum á leigubíl sínum og hafði numið staðar við hlið skólavagna, sem voru komnir á undan honum að dyrum skólans.

Kærandi var aðstoðarskólastjóri við umræddan skóla og var að sinna því skyldustarfi sínu að tryggja öryggi barnanna gagnvart umferð, meðan þau voru að komast inn fyrir dyr skólans.

Ákærði hlaut að vita, að þarna var starfsmaður skólans að stjórna för barnanna úr flutningstækjum inn fyrir skóladyr. Hann var sjálfur að aka skólabörnum og auk þess staddur á lóð skólans, en ekki götu fyrir almenna umferð. Honum bar því brýn skylda til að sýna ýrtruðu gát og fara í öllu að þeim leiðbeiningum og fyrirmælum, sem stjórnandi umferðar flutningstækja skólabarna um lóð skólans, kærandi, gaf honum með bendingum eða orðum, en ekki verður annað séð en þau fyrirmæli hafi verið í alla staði eðlileg. Í stað þess að hlýða þessum fyrirmælum flautaði ákærði að eigin sögn á umræddan stjórnanda umferðar og kveðst hafa „hreyft bílinn fram að henni og stoppað þar“. Þótt einvörðungu væri byggt á framburði ákærða, telst hann með þessari háttsemi hafa framið brýnt brot á 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur staðfastlega neitað því, að bifreið sín hafi snert líkama kæranda, svo sem kærandi heldur fram. Því er ekki haldið fram af hálfu sækjanda, enda kemur það ekki fram í læknisvottorði, að kærandi hafi hlotið sýnilega eða verulega áverka. Af hálfu ákærða er því sérstaklega mótmælt, að það skilyrði fyrir beitingu 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga sé uppfyllt, að ákærði hafi á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu kæranda í augljósan háska.

Vitnið Andrés Erlendsson, sem kvaðst hafa haft úr ökumannssæti sínu sjónlínu á ská niður til vinstri á framenda bifreiðar ákærða, bar fyrir lögreglu, að hann hefði ekki séð, hvort leigubílinn snerti konuna, en sér hefði vist, að bílinn ýtti henni burt. Hann hafi ekið rólega af stað og konan

hrökklast undan bílnum. Framburður vitnisins fyrir dómi var á sömu leið: „Vitnið segist ekki þora að fara með það, að bíllinn hafi snert konuna, en hann hafi hins vegar séð með vissu, að hún hrökklaðist undan.“ Vitnið kvað þetta hafa gerst svo rólega, að ekki komi til greina, að konan hefði orðið fyrir áverkum, jafnvel þótt bifreið ákærða hefði snert hana.

Vitnið Guðmundur Valur Ólafsson, sem kvaðst hafa horft á umræddan atburð úr ökumannssæti skólabifreiðar sinnar, fyrst í hliðarspegli, en síðan um hliðarrúðu, bar fyrir lögreglu, að konan hefði lyft höndum, sem sér hefði vist vera merki til bílstjórans um að fara ekki af stað. Vitnið kvað leigubíllinn hafa ekið rólega af stað og konan hrökklast undan. Hann kvaðst „ekki hafa séð, hvort leigubíllinn snerti konuna eða ekki“, en sér hefði vist, „að bíllinn ýtti henni burt“. Fyrir dómi sagði vitnið: „Mig minnir, að hann hafi kannski aðeins svona ýtt henni á undan sér. Þá sneri hún sér við og er með höndina svona uppi. Þá keyrir hann áfram rólega og aðeins eins og danglar í hana, og þá fór hún frá bílnum.“ Vitnið kvaðst ekki geta séð, að atvik hafi verið þannig, að lífi konunnar eða heilsu hafi verið stofnað í augljósan háska. Konan hefði auðveldlega getað forðað sér.

Aðstoðarkennari við skólann, Rainita Lashelle Stephens, gaf skýrslu fyrir lögreglu, en reyndist farin úr landi, er málið var rannsakað í dómi. Hún bar, að leigubílstjórinn hefði þrátt fyrir stöðvunarmerki skólastýrunnar ekið áfram og tvívegis lent á hægri hlið hennar.

Skilja verður framburð þessa vitnis svo, að hún hafi staðið við dyr skólans og heyrt þaðan, úr um 15 metra fjarlægð, orðaskipti milli ákærða og kæranda. Kærandi bar hins vegar aðspurð, að aðrir en þau, er mæltust við, hefðu ekki getað heyrt þau orðaskipti, nema barn hafi verið eftir í bílnum.

Susette Marie Kettenhofen, sem var að aka litlum syni sínum í skólann, gaf skýrslu hjá lögreglu, en var farin af landi brott við dómsrannsókn. Hún kvaðst hafa séð, að þrátt fyrir stöðvunarmerki aðstoðarskólastjórans hefði bílnum verið ekið áfram, og hún séð, „að hann ýtti við konunni, og hrökklaðist hún undan honum; þetta skeði aftur á sama máta“.

Framangreindur framburður veitir ekki fullnægjandi sönnun fyrir því, að ákærði hafi brotið gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga, framburður vagnstjóranna tveggja sakir efnis síns, framburður móður skólabarnsins af sömu ástæðu svo og vegna þess, að ekki tókst að fá vitnið fyrir dóm til þess að lýsa atvikum nánar, einkum möguleika hennar á að sjá glögggt þann atburð, er hún lýsir, svo og grundvöll hætumats. Óstaðfestur framburður aðstoðarkennarans vegna tengsla við kæranda og ósamræmis við framburð kæranda (sic).

Frá því í árslok 1969 hefur ákærði sætt refsingu sem hér segir:

1989, 4. desember, dómur, 4.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga.

1993, 23. nóvember, viðurlagaákvörðun, 7.000 króna sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað brot ákærða gegn 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 101. gr. sömu laga, og verður það virt til refsibýgingar, að ákærði braut með háttsemi sinni einnig gegn 18. gr. sömu laga, sbr. og 3. tölulið 70. gr. alm. hegningarlaga.

Á hinn bóginn ber að sýkna ákærða af refsikröfu vegna brots á 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga. Ekki þykja alveg næg skilyrði til að fallast á kröfu um sviptingu ökuréttar.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin sekt, að fjárhæð 150.000 kr., og komi 30 daga varðhald í hennar stað, ef sektin greiðist eigi innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 50.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar K. Sveinssonar hdl., 50.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Ingiberg Jóhannsson, greiði sekt, að fjárhæð 150.000 kr., og komi 30 daga varðhald í hennar stað, ef sektin greiðist eigi innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar K. Sveinssonar hdl., 50.000 kr.